

## **Fjölbrautaskóli Snæfellinga**

### **Fundargerð 37. fundur skólanefndar**

**26. febrúar 2008**

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Guðbjörg Aðalbergsdóttir, Pétur Ingi Guðmundsson, Ólína Kristinsdóttir, Sigríður Finsen, Gísli Ólafsson, Hreinn Þorkelsson áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fundarritari. Fundinn sat einnig Magnús Ingvason, nemi í opinberri stjórnslu.

Fjarverandi: Eyþór Benediktsson, Björg Ágústsdóttir og Gísli Valur Arnarsson áheyrnarfulltrúi nemenda.

#### **1. Fundur settur**

Kjartan Páll setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Einnig biður hann sérstaklega velkominn Magnús Ingvason.

#### **2. Stefnumörkun FSN**

Guðbjörg Aðalbergsdóttir og Björg Ágústsdóttir eru að vinna við stefnumörkun skólans. Tillaga þeirra er að klára þessa stefnumörkun með nokkrum litlum hópum, samsettum af skólanefnd, starfsfólki og nemendum. Mjög gott er að fá sjónarhorn nemenda inn í þessa vinnu og var ákveðið að fá fimm eldri nemendur. Björg, Pétur, Guðbjörg og Gísli Valur munu skipuleggja fund þar sem lokahnykkurinn í stefnumótun skólans fer fram. Fundartími mun verða um 2-3 klst og munu hóparnir vinna hver í sínu lagi. Hæfilegur fjöldi gæti verið um það bil 40 manns. Tillaga að dagsetningu og tíma fundar er þriðjudagur kl. 16:00, 26. mars eða 2. apríl. Guðbjörg mun senda póst á milli og ráðfæra sig við undirbúningsnefnina. Samhljómur er meðal skólanefndar um þessa tillögu. Gott væri að allir meðlimir skólanefndar myndu skoða núverandi stefnu skólans og skýrsluna frá Alta fyrir fundinn.

#### **3. Nemendaspá til 2014**

Guðbjörg sýndi spá um nemendafjölda til 2014. Spá þessi er byggð á tölum frá Hagstofu Íslands. Það virðist vera raunin að árgangarnir fara minnkandi. Árgangur 1998 á Snæfellsnesi og í Vesturbyggð, sem mun hefja nám hér haustið 2014 telur aðeins 58 nemendur. Þessi fækkun er umhugsunarefni fyrir skólann. Húsnæðisprengrli eru því ekki viðvarandi vandamál. Sóknarfæri skólans er tvímælalaust að reyna að ná hærra hlutfalli af árgöngunum í skólann. Menntunarstig á Vesturlandi virðist vera að hækka. Hlutfall þeirra sem fara í framhaldsskóla fer hækkanði bæði á Snæfellsnesi og í Vesturbyggð. Guðbjörg athugar tölur þar að lútandi betur. Bent var á mikilvægi þess að viðhalda staðbundnu og hagnýtu námi samanber vélstjórnarnámið. Í framhaldi af nýja framhaldsskólafrumvarpinu eru nú í gangi meðal skólanna fjögurra; FSN, FVA, FSu og FSS mótun námsbrauta. Fyrstu hugmyndir fyrir FSN eru tvær frekar víðar stúdentsbrautir, félagslína og raunvísindalína. Uppeldisbraut

og viðskiptabraut eru nefndar sem tillögur. Jafnvel gæti verið hægt að þróa einhverjar styttri brautir sem veita einhver réttindi því fjögur ár virðast eilíf í hugum nýnema.

#### 4. Önnur mál

Heimsókn Guðbjargar, Kjartans og Guðrúnar í Menntamálaráðuneytið. Sigurður Sigursveinsson er orðinn nýr tengiliður okkar innan ráðuneytisins.

Fyrsta erindi þessa fundar var sú staðreynd að FSN þarf *aukinn fjárhagslegan stuðning* til þess að geta sinnt því þróunarverkefni sem skólinn er. Við stofnun skólans var meðal annars hlutverk hans að vera þróunarskóli. Þetta hlutverk var skipað af ráðuneytinu. Það að vera þróunarskóli er bæði dýrt og tímafrekt en hefur lítið verið sinnt af hálfu ráðuneytisins. Guðbjörg er að hanna umsókn til ráðuneytisins um styrk til þessa þróunarstarfs. Umsóknin um styrkinn þarf að taka mið af þeirri vinnu sem í hana er lagt. Samantekt um þróunarstarfið þarf að vinna svo aðrir skólar geti nýtt sér þá vitneskju sem starfsfólkið hér býr yfir. Til þess að getað miðlað þeirri þekkingu sem starfsfólkið hér býr yfir þarf aukinn tíma og þar af leiðandi aukið fjármagn.

Annað erindi fundarins var *þróun á námsmati*. Í samræmi við þá breyttu kennsluhætti sem tíðkast hér í FSN hefur námsmat einnig þróast. Að baki breyttu námsmati liggur mikil vinna. Úttektarsskýrsla Ásrúnar Matthíasdóttur og Trausta Þorsteinssonar bendir á að bæta þurfi námsmat hér svo það sé í takt við breytta kennsluhætti.

Þriðja erindi fundarins er *aðkoma FSN að menntun fanga*. Tilvalið fyrir FSN með fangelsið Kvíabryggju í nágrenninu. Vilji er til þess að taka aukinn þátt í menntun fanga hér í FSN. Nú þegar eru fjórir nemendur FSN í fangelsi (2 á Kvíabryggju og 2 á Litla Hrauni). Guðbjörg mun ráðfæra sig við Sigurð um framhald þessa erindis.

#### 4.1.

Gísli Ólafsson bendir á að ef til vill henti sumir áfangar ekki í fjarnámi. Nú er kennd bókfærsla og hagfræði í fjarnámi sem hefur valdið einhverjum vandræðum. Aðgengi að kennara þarf að vera betra. Kennarinn hefur reynt að koma til móts við þessa þörf með vikulegum fjarfundi en ef til vill er fjarlægðin of mikil og tenging milli nemanda og kennara ekki nógu góð.

#### 4.2

Opni dagur FSN kynntur, en hann verður laugardaginn 5. apríl. Stýrhópur opna dagsins eru Guðbjörg, Valgerður og Una. Þær vinna nú hörðum höndum að undirbúningi. Dagurinn er liður í því að tengja skólann og samfélagið. Dagurinn mun verða blanda af kennslu og sýningum/kynningum. Gestir munu geta tekið próf í Angel. Nokkur samfélagsverkefni verða kynnt, rannsóknarverkefni í sögu, barnabókmenntaáfangi kynnir vinnu sína með leikskólunum hér á svæðinu, mannfræðiverkefni þar sem aðgengi fatlaðra verður skoðað svo eitthvað sé nefnt. Sýningar á myndböndum og stuttmyndum munu verða á veggjum skólans og síðast en ekki síst kaffihús í matsal. Opni dagurinn verður laugardaginn 5. apríl og er skólanefndarfolk sérstaklega velkomið.

Kjartan Páll slítur fundi og þakkar Magnúsi kærlega fyrir komuna.

Næsti fundur ákveðinn 15. apríl kl. 16:30. Guðbjörg Aðalbergsdóttir mun boða til fundarins þegar nær dregur.